

Nítjándi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 28. september 2015 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:30

Mættir: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Marianna Hugrún Helgadóttir, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi.

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna.

- a. Hlégarður ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri skemmtistaðar og veitingaþjónustu í Hlégarði að Háholti 2 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 19. maí 2015.
„Staðfest“.
- b. Icecard ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstri söluturnsins Daníelsbita að Þverholti 2 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 22. maí 2015.
„Staðfest“.
- c. Ásta Dóra Ingadóttir sækir um starfsleyfi til að starfrækja heimagistingu að Reykjahlíð í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 3. júní 2015.
„Staðfest“.
- d. Reynir Jónsson sækir um starfsleyfi til að starfrækja heimagistingu að Þrastarhöfða 4 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 16. september 2015.
„Staðfest“.
- e. Gunnlaugur Bjarnason f.h. Bílapartasölonnar ehf sækir um starfsleyfi fyrir geymslusvæði að Völuteig 8, Mosfellsbæ.
„Heilbrigðiseftirlitið veitti leyfið þann 16. júní 2015 til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem valdið getur mengun sbr. auglýsingu nr. 582/2000.
„Staðfest“.

Umsóknir um tímabundin starfsleyfi

- a. Jósep Svanur Jóhannesson f.h. Matfugls ehf., sækir um tímabundið starfsleyfi vegna markaðs og götusölu á bæjarhátíð þann 29. ágúst 2015. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 24. ágúst 2015 með sérstökum skilyrðum.
„Staðfest“.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- b. Höskuldur Pálsson f.h. Ísfugls ehf., sækir um tímabundið starfsleyfi vegna markaðs og götusölu á bæjarhátíð þann 29. ágúst 2015.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 24. ágúst 2015 með sérstökum skilyrðum.
„*Staðfest*“.
- c. Hildur Helga Sævarsdóttir f.h. Leikskólans Reykjakots, sækir um tímabundið starfsleyfi vegna markaðs og götusölu á bæjarhátíð þann 29. ágúst 2015.
Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 10. júlí 2015 með sérstökum skilyrðum.
„*Staðfest*“.
- d. Ístak Ísland ehf. sækir um tímabundið leyfi til að starfrækja vinnubúðir sem þjónusta byggingu á undirgöngum undir Vesturlandsveg.
Heilbrigðiseftirlitið veitti leyfið þann 18. september 2015 með tilvísun í reglugerð um hollustuhætti til 31. desember 2015.
„*Staðfest*“.

Umsóknir um tóbakssöluleyfi

- a. Icecard ehf. sækir um leyfi til tóbakssölu í söluturninum Daníelsbita að Þverholti 2 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. 8. gr. tóbaksvarnarlaga til 4 ára dagsett 22. maí 2015.
„*Staðfest*“.
- b. Hlégarður ehf. sækir um leyfi til tóbakssölu á veitingastaðnum Hlégarði að Háholti 2 í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. 8. gr. tóbaksvarnarlaga til 4 ára dagsett 19. maí 2015.
„*Staðfest*“.

Umsagnir fyrir veitinga og gististaði

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 15. apríl 2015 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Hlégarð ehf., veitingastað í flokki III, tegund skemmtistaður, að Háholti 2 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 15. maí 2015.
„*Staðfest*“.
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 30. apríl 2015 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir 270 veitingar ehf., veitingastað í flokki III, tegund veitingahús/skemmtistað, að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ.
Jákvæð umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 22. maí 2015.
„*Staðfest*“.
- c. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 4. maí 2015 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir Laxnes ehf., veitingastað í flokki III, tegund krá að Laxnesi í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 22. maí 2015.
„*Staðfest*“.
- d. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 5. maí 2015 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Veisluna veitingareldhús ehf. vegna Golfklúbb Ness, veitingastað í flokki II, tegund

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

veitingastofa og greiðasala, að Suðurnesi á Seltjarnarnesi.

Jákvæð umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 22. maí 2015.

„*Staðfest.*“

- e. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 29. maí 2015 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Ástu Dóru Ingadóttur fyrir gististað í flokki I, tegund heimagistingu, að Reykjahlíð í Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 6. júlí 2015.

„*Staðfest.*“

- f. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 24. ágúst 2015 þar sem óskað var umsagnar um umsókn um tímabundið áfengisleyfi fyrir Íþróttamiðstöð Seltjarnarnes þann 29. ágúst.

Jákvæð umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 24. ágúst 2015.

„*Staðfest.*“

- g. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 13. ágúst 2015 þar sem óskað var umsagnar um umsókn um tímabundið áfengisleyfi fyrir Íþróttamiðstöðina að Varmá þann 29. ágúst.

Jákvæð umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 14. ágúst 2015.

„*Staðfest.*“

- h. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 1. september 2015 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Reyni Jónsson fyrir gististað í flokki I, tegund heimagistingu, að Prastarhöfða 4 í Mosfellsbæ.

Jákvæð umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 16. september 2015.

„*Staðfest.*“

2. Gjaldsskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit fyrir árið 2016.

Lögð fram tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir árið 2016.

„*Lagt fram til kynningar.*“

3. Fjárhagsáætlun fyrir heilbrigðiseftirlit fyrir árið 2016.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

„*Lagt fram til kynningar.*“

4. Endurskoðun ársreiknings heilbrigðiseftirlits.

Lagt fram tilboð frá KPMG frá 3. september 2015 og Deloitte frá 24. september 2015 um endurskoðun ársreikninga fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

„*Ákveðið að taka tilboði KPMG.*“

5. Mál vegna þvingunarúrræða.

- a. Óskráðir hundar í Mosfellsbæ.

Málið var kynnt.

- b. Umgengni á lóðinni Flugumýri 30, Mosfellsbæ.

Málið var kynnt.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

6. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri lagði fram beiðni um að bifreið heilbrigðiseftirlitsins verði endurnýjuð.

„Framkvæmdastjóra og formanni falið að skoða málið.“

Fundi var slitið kl. 19:50.